

LÖG

um breytingu á lögum nr. 36/1996,
um breytingu á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingu,
lögum um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum,
og lögum um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir um einkaleyfi, sem lagðar voru inn fyrir 1. júní 1996, eiga við ákvæði 13. og 14. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 17/1991 eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara. Ákvæði 24. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 2. janúar 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breyting á byggingarlögum, nr. 54/1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Rafiðnfræðingar, rafvirkjameistarar og rafvirkjar, sem störfuðu þann 1. janúar 1996 við raflagnahönnun eða höfðu á næstliðnum 4 árum fengið samþykki opinberra aðila fyrir raflagnateikningum, eiga, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., rétt á takmörkuðu starfsleyfi sem raflagnahönnuðir, enda sækir þeir um slíkt leyfi til umhverfisráðherra fyrir 1. janúar 1997.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd greinar þessarar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.